

Mánudaginn 19. júní 1989.

Nr. 421/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Viðari Má Friðfinnssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Hegningarauki.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða áfrýjað með stefnu 10. nóvember 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns svo sem í dómsorði segir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Viðar Már Friðfinnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. september 1988.**

Ár 1988, föstudaginn 16. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediksdóttur sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 490/1988: Ákærvaldið gegn Viðari Má Friðfinnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 1. júní sl., gegn ákærða, Viðari Má Friðfinnssyni, Framnesvegi 34, Reykjavík, fæddum 25. febrúar 1963 þar í borg, „fyrir skjalafals með því að hafa í mars 1986:

1) afhent Sævari Ólafssyni, Framnesvegi 3, Reykjavík, sem greiðslu fyrir

bifreiðina R 16229 þrjá falsaða víxla, hvern að fjárhæð 10.000,00 kr., með gjalddaga 4. apríl, 4. maí og 4. júní 1986, út gefna 4. mars 1986, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Ólafs Friðfinnssonar sem útgefanda og framseljanda, en samþykkt í eigin nafni,

2) stuttu síðar framvísað í Bifreiðaeftirliti ríkisins sölutilkynningu, dagsettri 4. mars 1986, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Sævars Ólafssonar sem seljanda bifreiðarinnar, þar sem ranglega var tilkynnt, að Sævar hefði selt Sævari Friðfinnssyni bifreiðina.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

1. Í mars-apríl 1986 afhenti ákærði Sævari Ólafssyni þrjá víxla, hvern að fjárhæð 10.000,00 kr., út gefna 4. mars 1986, með gjalddaga 4. apríl, 4. maí og 4. júní sama ár. Ákærði samþykkti alla víxlana í eigin nafni og ritaði jafnframt á þá sem greiðandi. Undir víxlana falsaði hann nafn bróður síns, Ólafs Friðfinnssonar, sem útgefanda og framseljanda á bakhlíð þeirra.

Ákærði afhenti Sævari víxlana sem greiðslu við kaup á bifreiðinni R 16229. Ákærði kvaðst áður hafa átt þessa bifreið í félagi við annan mann, sem seldi Sævari bifreiðina án vitundar ákærða. Kvaðst ákærði því hafa samið svo við Sævar, að ákærði keypti bifreiðina af Sævari fyrir 30.000,00 kr., en er Sævar keypti hana þremur vikum áður, hafi hún verið metin á um 55.000,00 kr. Taldi ákærði, að með því að greiða kaupverðið með fölsuðum víxlum hefði hann einvörðungu verið að ná aftur réttmætri eign sinni.

Ákærði greiddi ekki víxlana á umsömdum gjalddögum. Þegar Ólafur var krafinn um greiðslu þeirra, neitaði hann að greiða þá, þar sem þeir væru falsaðir.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram í málinu, enda eru víxlarnir í ljósriti og mál verið höfðað vegna þeirra fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

2. Stuttu eftir að ákærði afhenti Sævari framangreinda víxla, falsaði hann nafnritun Sævars sem seljanda bifreiðarinnar R 16229 á sölutilkynningu, dagsetta 4. apríl 1986, útfyllti nafn Sævars sem seljanda bifreiðarinnar, en nafn bróður síns, Sævars Þ. Friðfinnssonar, sem kaupanda, þrátt fyrir það að ákærði hefði sjálfur keypt bifreiðina í millitíðinni, og framvís-

aði söluútlýkingunni í Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þetta gerði hann til að komast hjá því að greiða umskráningargjald til Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, þykir framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Sakaferill ákærða:

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1981 gengist þrívægis undir dómsátt fyrir umferðarlaga- og áfengislagabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1984 5/12 1 mánaðar fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir þjófnað.

1985 18/1 Sekt fyrir ólvun við akstur o.fl. umfl.-brot. Svíptur ökuleyfi í 6 mánuði. Hegningarauki.

1987 5/6 60 daga varðhald, skb. í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hin skilorðsbundna refsing ákærða samkvæmt dóminum frá 5. júní 1987 felld inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Ber við þá ákvörðun að líta til 78. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um hegningarauka er að ræða, svo og 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðar Már Friðfinnsson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.